

## **Hjúkrunarsambýlið Roðasalir Kópavogi**

Niðurstöður úttektar á starfsemi  
heimilisins í mars 2014

Svið eftirlits og gæða  
apríl 2014

## Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er Landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál og undir eftirlit embættisins heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

## Aðferðir

Í mars 2014 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarsambýlinu Roðasölum, Kópavogi. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá forstöðumanni heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnæði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur í Roðasali. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Landlæknis; Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 25. mars 2014. Fundað var með Íðu Atladóttur forstöðumanni heimilisins, Svanhildi Þengilsdóttur yfirmanni öldrunarþjónustu Kópavogsbæjar og Guðrúnu S. Viggósdóttur deildarstjóra í Roðasölum og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

## Meginniðurstöður

### Notendamiðuð þjónusta - hugmyndafræði og stefna

Starfsemi hjúkrunarsambýlisins í Roðasölum er sniðin að þörfum heilabilaðra einstaklinga. Hugmyndafræði heimilisins byggir á kenningum fræðimannsins Donnu Algase um samspil mannglegra þarfa, uppfyllingu þeirra og aðbúnaðar sem er forsenda vellíðunar og færni heilabilaðra einstaklinga. Í Roðasölum er lögð áhersla á að búa íbúum vistlegt heimili og leitast er við að þeir haldi virðingu sinni og reisn.

Við komu á heimilið fá nýir íbúar og aðstandendur þeirra bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins. Þar koma fram atriði eins og upplýsingar varðandi daggjöld, hvað tilheyrir hverju herbergi og hvað viðkomandi þarf að útvega sjálfur. Áhersla er lögð á að hafa sem best samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að forstöðumanni og öðrum starfsmönnum heimilisins.

Forstöðumaður heimilisins, sem er geðhjúkrunarfræðingur sérmenntaður í hjúkrun aldraðra, metur væntanlega íbúa heimilisins samkvæmt sérstökum matskvörðum fyrir aldraða heilabilaða. Meðal kvarðanna má nefna NPI-D (taugageðlækniskvarði með álagsskvarða fyrir aðstandendur).

## Þjónustuþættir

### Hjúkrun og umönnun

Íbúum í Roðasölum er tryggð umönnunarþjónusta allan sólarhringinn, hjúkrunarfræðingur er í húsinu alla virka daga frá 08 - 16 og er ábyrgur fyrir þeim vöktum. Þess utan bera reynslumiklir sjúkraliðar ábyrgð á vöktum. Íbúar heimilisins hafa allir sinni tengilið sem er sjúkraliði eða vanur starfsmaður. Þess ber að geta að ef íbúar þurfa flókna hjúkrun eða líknarmedferð þarf að senda viðkomandi annað þar sem ekki er aðstaða til slíkrar meðferðar og hjúkrunarfræðingur aðeins á staðnum á dagvöktum virka daga eins og áður segir.

### Læknisþjónusta

Jón Snædal öldrunarlæknir er læknis heimilisins og fylgist hann reglulega með heilsufari íbúa. Teymisfundir eru haldnir einu sinni í viku þar sem farið er yfir stöðu íbúa, lyfjabreytingar og annað er tengist heilsufari. Fljótlega eftir komu á heimilið er gerð almenn læknisskoðun en ekki er þó alltaf þörf á nákvæmri læknisskoðun þar sem viðkomandi hafa oft verið í eftirliti hjá lækni heimilisins í mörg ár.

Reglulega er fylgst með heilsufari íbúa bæði af hjúkrunarfræðingi og lækni. Verklagsreglur eru fyrir hendi um viðbrögð við neyðartilfellum, svo sem meðvitundarleysi, öndunarstoppi eða hjartastoppi. Ávallt er haft samband við aðstandendur ef breyting verður á heilsufari íbúa.

Á heimilinu er fylgst með tannheilsu íbúana og aðstandendur minntir á að panta tíma fyrir þá hjá tannlækni og koma viðkomandi á staðinn eftir atvikum. Það sama á við um aðra sérfræðilæknisþjónustu, sótt er um hana í samvinnu við aðstandendur.

### Þjálfun, virkni og sálgæsla

Hvorki er starfandi sjúkraþjálfari né iðjuþjálfari við heimilið en mikið er lagt upp úr því að viðhalda færni íbúanna með reglubundinni hreyfingu bæði í gönguferðum utan húss og leikfimi innan dyra. Ágætis aðstaða er til hreyfingar innan húss og til eru nokkur tæki til þjálfunar og boðið er upp á leikfimi einu sinni á dag. Reynt er að fara með íbúa í gönguferðir út á hverjum degi og eru góðar gönguleiðir í nálægð við heimilið. Góð aðstaða er fyrir föndurstarf og leitast við að hafa afþreyingu sem fjölbreyttasta og við hæfi hvers og eins.

Sóknarprestar í Kópavogi messa á heimilinu 2svar í mánuði og hægt er að fá viðtal við þá sérstaklega sé þess óskað.

### Fæði/mötuneyti

Í Roðasölum er matráður yfirmaður í eldhúsi og sér hann um matseld og samsetningu matseðla. Allur matur er eldaður á staðnum og áhersla lögð á að íbúar fái heimilislegan, hollan og næringarríkan mat sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis. Þeir íbúar sem á þurfa á að halda fá sér fæði og sjúkrasér fæði.

Matseðlar eru útbúnir fyrirfram og eru aðgengilegir fyrir íbúa og aðstandendur.

### Önnur þjónusta

Íbúar Roðasala hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu. Allur þvottur íbúa er þvegin á staðnum.

## Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði Roðasala er allt á einni hæð og er gott aðgengi, innan húss og utan. Stór og skjólgóð verönd er umhverfis húsið sem er mikið nýtt alla daga ársins. Húsnæðið er í góðu standi, vel við haldið, snyrtilegt og vistlegt.

Á heimilinu eru 11 íbúar sem allir búa í einbýlum en deila 6 salernum og 3 sturtum.

Allir íbúar hafa góðar aðstæður til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum, setustofu eða öðrum sameiginlegum rýmum heimilisins.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti þegar þær hafa borist og reynt

### Mönnun

Ekki er stuðst við viðurkennda staðla/viðmið í tengslum við mönnun í Roðasölum og er mönnun þannig: 5,3 stöðugildi sjúkraliða, 4,62 stöðugildi ófaglærðra. Einungis er um að ræða hálfstöðugildi hjúkrunarfræðings í hjúkrunarsambýlinu þar sem hann sinnir einnig dagþjálfun, sem rekin er í sama húsi, í hálfu stöðugildi ásamt starfi sínu sem forstöðumaður. Á morgunvöktum eru 3-5 starfsmenn, á kvöldvöktum 2,5 starfsmenn og 1 á næturvakt og ekki er um eiginlega bakvakt að ræða. Ávallt er hægt að ná í lækni í síma ef þörf krefur.

Að mati forsvarsmanna Roðasala er nauðsynlegt að auka vægi hjúkrunarfræðinga þannig að það yrði að minnsta kosti heilt stöðugildi hjúkrunarfræðings á hjúkrunarsambýlinu.

### Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf í Roðasölum þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning. Nýir starfsmenn fá aðlögun og vinna undir handleiðslu annars starfsmanns eða deildarstjóra í nokkrar vaktir. Sérstakur gátlisti er fyrir nýtt starfsfólk þar sem fram koma helstu atriði varðandi starfsemi heimilisins og fer deildarstjóri yfir hann með starfsmanni. Báðir aðilar kvitta undir að lokinni yfirferð.

Heildarstarfsmannavelta Roðasala er að sögn forstöðumanns lítil, á bilinu 5-10% og lítið eru um veikindi.

Boðið er upp á influensubólusetningu og starfsfólk hvatt til að láta bólusetja sig. Starfsmenn eru hvattir til að taka þátt í viðburðum sem tengjast hreyfingu eins og lífshlaupinu, hjólað í vinnuna og einnig er niðurgreiddur kostnaður í líkamsrækt.

### Gæðamál

Gæðahandbók, sem er á rafrænu formi og var keypt af Hrafnistu, mun verða aðlöguð að starfsemi Roðasala og stendur sú vinna yfir. Reglulega er fylgst með niðurstöðum RAI gæðavísa.

Verklagsreglur og gátlistar varðandi ýmsa þætti hjúkrunar/umönnunar eru fyrir hendi sem og verklagsreglur fyrir sýkingavarnir, svo sem handþvott þar sem stuðst er við leiðbeiningar frá Embætti landlæknis. Ekki hafa komið upp alvarlegar sýkingar á heimilinu frá stofnun þess.

### Lyfjamál

Lyf íbúa eru skömmtuð frá Lyfjaveri ehf. Lyf eru geymd í læstum skáp og hefur forstöðumaður ásamt deildarstjóra aðgang að honum. Lyfjagjafir eru skráðar á þar til gerð lyfjablöð sem fylgja upplýsingum um íbúa. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyf sem gefin eru eftir þörfum eru skráð og ekki gefin nema í samráði við forstöðumann eða lækni ef um er að ræða önnur lyf en væg verkjalyf. Lyfjafræðingur þjónustar heimilið samkvæmt samkomulagi við Lyfjaver og lyfjaþjónusta er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Jón Snædal læknir heimilisins fylgist reglulega með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

### Skráning

Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins og er sú skráning í Sögukerfinu en útprentaðar sjúkraskrár eru geymdar á heimilinu.

Við hjúkrunarskráningu sem er handskráð er stuðst við NANDA flokkunarkerfið. Skráð er á þar til gerð eyðublöð sem eru geymd í möppu íbúa og eru mjög nákvæmar og sértækar greiningar og meðferðaráætlanir fyrir hvern íbúa. Þá eru skráðir dagar fyrir hvern íbúa, svo sem varðandi svefn, verki og annað er tengist meðferð íbúans.

Vikulega eru haldnir teymisfundir þar sem farið er yfir ástand og líðan hvers íbúa og leitað lausna við vandamálum

### Atvik /kvartanir

Skriflegar verklagsreglur varðandi atvikaskráningu eru fyrir hendi í möppu á heimilinu og eru kynntar fyrir öllum nýjum starfsmönnum. Þessar verklagsreglur munu verða til í gæðahandbók Roðasala sem er í vinnslu.

Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta en allar slíkar kvartanir eiga að berast til forstöðumanns. Ekki hafa borist kvartanir til heimilisins sem ekki hafa verið leystar þegar málin eru rædd.

### Öryggismál

Íbúum og aðstandendum er gerð grein fyrir að heimilið tekur ekki ábyrgð á eigum íbúa og óskað er eftir því að íbúar séu hvorki með mikla peninga né verðmæti, svo sem dýra skartgrip. Fólki er bent á að tryggja verðmæta muni svo og innbú herbergis ef talin er þörf á slíku. Aðstandendur eru beðnir um að sjá alfarið um bankaviðskipti fyrir sína nánustu.

Hvorki er til skrifleg viðbragðsáætlun við óboðnum gestum né ofbeldi en að sögn forstöðumanns stendur til að útbúa slíka áætlun.

Brunavarnakerfi sem er tengt Öryggismiðstöðinni er í húsinu. Ekki eru haldnar reglulegar brunaeingar en reglulega er farið yfir með starfsfólki hvernig bregðast skuli við ef eldur kemur upp á heimilinu. Skrifleg rýmingaráætlun er til fyrir heimilið og hefur verið kynnt fyrir starfsfólki.

Ekki eru öryggismyndavélar í húsinu en vel er gengið frá öryggislæsingum og kemst fólk hvorki inn né út án þess að hafa sérstakan kóða.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa og til eru eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður.

Að sögn forstöðumanns leggur starfsfólk sig fram um að fylgjast með andlegri líðan og öryggi íbúa og þar sem íbúar eru fáir og nálægð mikil er hægara að fylgjast með líðan hvers og eins.

### RAI mat

Forstöðumaður ber ábyrgð á RAI skráningu og reglulega er fylgst með niðurstöðum úr RAI mati og þær kynntar fyrir starfsfólki heimilisins. Gæðavísar eru 20 talsins og þegar skoðaðir eru gæðavísar frá síðustu matstímabilum kemur í ljós að gæðavísar eru langflestir innan viðmiðunarmarka.

## Samantekt og tillögur til úrbóta

### Mönnun

Embætti landlæknis mælir með því að starfshlutfall hjúkrunarfræðings á hjúkrunarsambýlinu Roðasölum verði aukið í 100% til þess að mögulegt sé að sinna flóknari hjúkrunar meðferð og líknar meðferð á heimilinu.

### Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið er í góðu lagi.

### Þjálfun/virkni og sálgæsla

Hvorki sjúkra- né iðjuþjálfun er til staðar á heimilinu en virkni og félagsstarf virðist vera í góðu standi.

### Fæði og mötuneyti

Í góðu lagi.

### Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Roðasala er í góðu lagi; heimilislegt, snyrtilegt og vel við haldið.

### Öryggi og eftirlit

Í góðu lagi.

### Gæðastarf

Gæðahandbók er í vinnslu og fyrir hendi eru ágætar verklagsreglur/gátlistar varðandi ýmsa þætti hjúkrunar/umönnunar.

### Atvik /kvartanir

Atvik eru skráð í atvikaskrá.

### Sjúkraskrár

Útprentaðar sjúkraskrár eru á staðnum.

### Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning mjög góð og vel unnin.

### RAI skráning

Í góðu lagi og allflestir RAI gæðavísar innan viðmiðunarmarka.



### Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjaþjónusta Roðasala er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

### **Almennt um hjúkrunarheimilið**

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna í Roðasölum, heimilið hlýlegt og umhverfið fallett.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar.